

# LÖG

## um breyting á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 7. mgr. 100. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nú fer aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yferráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og verður hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein. Þetta gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yferráðin en nær þeim að nýju.

Nú átti eigandi hlutfjár meira en 30% atkvæðisréttar í félagi sem hefur fjármálagerninga tekna til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fyrir 1. apríl 2009 og er hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein, enda auki hann ekki við hlut sinn. Sami tímafrestur gildir hafi aðili farið með yferráð í félagi á grundvelli samstarfs samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Í stað orðanna „8. mgr. 100. gr.“ í 27. tölul. 1. mgr. 141. gr. og 9. tölul. 145. gr. laganna kemur: 6. mgr. 100. gr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II, III, IV, V og VI í lögnum falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 2010.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Árni Páll Arnason.*